

90.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 5.janúar 2016 kl. 18:15

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigrún Elva Briem, Helgi Stefánsson og Páll Árdal. Berglind er ritari fundarins.

Í desember var enginn hverfisfundur þar sem engin aðkallandi verkefni voru á dagskrá en á milli hverfisnefndarmanna flugu tölvupóstar.

1. Umhverfisfé Akureyrarbæjar til hverfisnefnda.

Um miðjan desember hafði formaður samband við Jón Birgi forstöðumann umhverfismála hjá Akureyrarbæ og þau komu sér saman um að umhverfisfé yrði veitt frá Hverfisnefnd til Holtakots, leikskóla í hverfinu, til kaupa á hjólagrindum, bekk með borði á leiksvæði sem og blómakerum sem forstöðumaður Kots ætlar að sjá um að fylla með fallegum blómum með sumrinu. Allt var þetta afgreitt með símtölum og tölvupóstum milli Berglindar formanns, Jón Birgis og Snjólaugar Brjánsdóttur skólustjóra Hulduheima/Kot ásamt hinum nefndarmönnum.

Einnig var staðfest við Blikkrás að kaupa af þeim sérpantað grill sem setja á í Seljahlíðargarðinn ásamt fleiri bekkjum sem Jón Birgir ætlar að panta fyrir okkur. Þar með er umhverfisfé hverfisnefndar Holta- og hlíðarhverfis afgreitt.

2. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Þann 4.jan 2016 var gefið út aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, skipulagslýsing sem nefndarmenn hverfisins ætla að kynna sér betur.

3. Aðalfundur félagsins.

Talað er um að hafa aðalfund í apríl eins og gert hefur verið ár hvert sl. 4 ár. Rætt um fundinn og hvernig skal að honum standa.. Hvaða erindi hægt væri að hafa og ætlar Sigurður að tala við hinn nýja skipulagsstjóra Akureyrarbæjar Bjarka og sjá hvort hann getur komið á fundinn. Fínt að geta þá rætt aðalskipulagið og þá sérstaklega það sem breyta á í okkar hverfi. Rætt er um hverjir ætli að halda áfram og hverjir að hætta. Berglind kom inn í mars 2009, Helgi í mars 2012, Sigrún í apríl 2013, Sigurður í maí 2014 og Páll í apríl 2015.

Fleira ekki rætt en ákveðið að sleppa mætti febrúar fundi og hittast næst 1.mars 2016 til að ræða aðalfundinn og það sem framundan er.